



„Rafmagnið fór af húsinu og við íbúarnir fórum að kanna málið,“ segir Hermína J. Lilliendahl, íbúi við Krummahóla 10. „Þá kom í ljós að það kom mikill reykur úr íbúð á fimmtu hæð.“ Mikill viðbúnaður var hjá slökkviliðinu og leituðu íbúar skjóls í bílskúr. Að sögn Herminu var íbúðin sem eldurinn kom upp í mannlus og engan sakaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Flestir segjast treysta Bjarna

STJÓRN MÁL Tveir af fimm sem afstöðu taka segjast bera mest traust til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra af ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Næst flestir nefna Ólöfu Nordal.

AAthygli vekur að einungis þriðjungur aðspurðra tók afstöðu til spurningarinnar.

„Bjarni er náttúrulega formaður stærri flokksins í stjórnarsamstarfinu, þannig að það þarf kannski ekkert að koma á óvart að hann skori herra en aðrir,“ segir Grétar Þór Eypórs-son, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri.

jhh / sjá síðu 4



Einelti meðal íslenskra sjómanna afar algengt

Rannsókn bendir til að einelti sé miklu algengara á meðal sjómanna en í öðrum starfsstéttum. Um 40 prósent sjómanna í nýrri rannsókn höfðu upplifað einelti.

HEILBRIGÐISMÁL Einelti um borð í íslenskum fiskiskipum virðist miklu algengara en gengur og gerist hjá öðrum starfsstéttum. Riflega þriðjungur sjómanna, eða 38,9%, sem tóku þátt í nýlegri rannsókn sögðust hafa orðið fyrir eða upplifað einelti eða áreitni frá vinnufélögum sínum um borð.

Þetta er meðal niðurstaðna Salóme Rutar Harðardóttur, íþrótt- og heilsufræðings, í meistaraverkefni hennar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Salóme telur að niðurstöðurnar gefi vísbendingar sem verði að taka alvarlega, en 132 sjómenn víða að á landinu á aldrinum 21-70 ára tóku þátt í rannsókninni. Þá kom einnig í ljós að lífsánægja og heilsa þeirra sjómanna sem höfðu upplifað eða orðið fyrir eineltinu var marktækt verri en þeirra sem höfðu ekki orðið fyrir einelti.

Salóme setur þessar tölur í samhengi við aðrar rannsóknir um efnid – innlendar sem erlendar. Er þetta hlutfall með því hæsta sem


hún hefur séð. Sé hlutfallið yfirfært á alla sjómenn á Íslandi, eða þá 4.100 sem störfuðu á sjó á árunum 2013 til 2014, má áætla að tæplega 1.600 þeirra hafi orðið fyrir eða upplifað einelti eða áreitni á vinnustað sínum.

Til samanburðar segir Salóme að nákvæmlega sömu spurningar hafi verið lagðar fyrir starfsmenn stórs verslunarfyrirtækis hér á landi, þar sem rúmlega 200 manns svöruðu, og þar voru tölurnar sláandi mikið lægri – eða 4,4%. – shá / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

LÍFID Orrifinn stóð fyrir skuggalegum gjörningi á Hönnun- arMars.

24-26



SKOÐUN Formaður Bændasamtakanna segir ótrúlegt að Alþýðusambandið beini spjótum sínum að bændum og bendir á verslunina. 12

SPORT Stelpurnar okkar unnu loks leik í undankeppni EM. 14

TÍMAMÓT Hjóla milli landa fyrir krabbameinssjúk börn. 17

PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

NETIÐ
HJÁ NOVA

FYRIR HEIMILIÐ
OG BÚSTAÐINN

4G box

11.990 kr. stgr.

Verð miðað við 6 mán. þjónustusamning í áskrift í 50 GB eða stærri pakka.




4G


Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Veður



Suðvestankaldi og rigning eða slydda með köflum í dag, en bjartviðri norð-austanlands. Hiti 1 til 10 stig, svalast á Vestfjörðum. **SJÁ SÍÐU 18**



Eftirspurn eftir gistingu er mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hækka gjöld á túristagistingu

STJÓRNSÝSLA Sveitarstjórn Ölfuss hefur ákveðið í framhaldi af mikilli aukningu á útleigu á húsnæði til ferðamanna að leggja fasteignaskatt á umræddar eignir í samræmi við ákvæði laga.

„Er það ekki síst réttættismál gagnvart öðrum sem stunda ferðaþjónustu og greiða af henni lögboðna skatta og skyldur,“ segir í bókun sveitarstjórnarinnar sem kveður mörg önnur sveitarfélög vinna að því sama. Með þessu myndu fasteignagjöld á viðkomandi húsnæði hækka um 164 prósent, fara úr 0,5 prósentum af fasteignamati í allt 1,32 prósent. Samhliða á að efla eftirlit með þessum eignum. – gar

Systur í mansali farnar heim

LÖGREGLUMÁL Systurnar sem sættu mansali á Vík í Mýrdal eru farnar úr landi að eigin ósk. Réttargæslumaður kvennanna gagnrýnir þau úrræði sem konunum stóðu til boða.

Konurnar fundust við húsleit hjá fyrirtækinu Vonta International þann 18. febrúar síðastliðinn. Í kjölfarið fengu þær skjól í Kvænnaathvarfinu en fóru af landi brott aðfaranótt fimmtudags.

Vonta International var undirverktaki IceWear sem framleiðir útivistarfatnað. Eigandi fyrirtækisins, karlmaður frá Sri Lanka, var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um mansalið. Hann var látinn laus fyrir nokkrum dögum en sætir farbanni til 1. apríl. – kbg

Kapp í kinn



Maria Björk Guðmundsdóttir hvetur sleðahunda sína á Íslandsmeistaramóti Sleðahundaklúbbs Íslands á Mývatni um helgina. Maria lenti í þriðja sæti í sínum flokki sem var 10 kílómetra kapp með tvo til þrjú hunda. Hátt í hundrað hundar tóku þátt. Veðrið setti ekki strik í reikninginn þrátt fyrir að leikmynd af tókustað Fast & the Furious sem er í grennd við mótið fyki nærri hundum og keppendum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Sextán drepnir á baðströnd

FÍLABEINSSTRÖNDIN Sextán manns létust í skotárás á ferðamannastað í bænum Grand Bassam á Fílabeinsströndinni.

Talið er að árásarmennirnir tengist Al-Kaída-samtökunum en að sögn yfirvalda hafa þeir verið „teknir úr umferð“.

Meðal látinna eru ferðamenn frá Frakklandi og Þýskalandi.

Fílabeinsströndin hefur verið með friðsælli ríkjum á svæðinu þar til að borgarastyrjöld braust út í ríkinu árið 2002. Síðan þá hafa tíðar skærur átt sér stað á milli múslima og kristinna manna í landinu. – srs

» Fjórir ferðamenn voru skotnir í árásinni á Fílabeinsströndinni í gær.

Í góðu yfirlæti á Patró þrátt fyrir hættuástand

Íbúar á Patreksfirði þurftu að yfirgefa heimili sín í gær og leita skjóls á hóteli bæjarins vegna ofanflóðahættu. Búist var við krapaflóði í Stekkagili ofan byggðarinnar í Patreksfirði. Fyrsta asahláka ársins var um allt land.

VEÐUR „Auðvitað tekur hjartað kipp þegar svona símtal kemur. Annað væri óvenjulegt,“ segir Magnús Ólafsson íbúi á Patreksfirði sem þurfti að yfirgefa heimili sitt í gærkvöldi vegna ofanflóðahættu í bænum.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Magnúsi var hann kominn á hóteli bæjarins og var, að eigin sögn, í góðu yfirlæti.

„Þegar einhver svona vó steðjar að fólki þurfa til þess bær yfirvöld að bregðast við því. Ég tel að þau hafi gert það mjög vel í þessu tilfelli,“ segir Magnús og hrósar yfirvöldum fyrir að aðstoða fólk við að komast úr húsunum sínum og á hóteli.

„Mér þykir ekki leiðinlegt að segja frá því að það vill svo skemmtilega til að mér var falið það á sínum tíma að finna fjárfesta að þessu hóteli sem er orðið hér á Patreksfirði. Þetta er ákaflega gleðilegt fyrir mig að fá að gista á þessu frábæra hóteli, alveg yndislegt,“ segir Magnús.

Magnús þurfti líka að yfirgefa heimili sitt á síðasta ári. „Í fyrra var þetta vegna mikillar snjósofnunar í Stekkagili fyrir ofan en nú í ár er þetta ekki snjór heldur er óttast krapaflóð úr þessu sama gili. Mér finnst þetta hárrétt ákvörðun hjá til þess bærum yfirvöldum.“

Svæði tíu, ellefu og tólf voru rýmd í bænum að sögn Helgu Gísladóttur, formanns Rauða krossins á Patreksfirði. Á níunda tímanum í gærkvöldi höfðu 23 íbúar bæjarins verið fluttir á hótelið en aðrir fóru til vana og ættingja.

Á Bildudal féll krapaflóð úr



Það var grátt yfir á Patreksfirði í gær þegar fyrstu asahláku ársins bar að garði. Íbúar þurftu að yfirgefa heimili sín vegna ofanflóðahættu. MYND/HELGA GÍSLADÓTTIR

» Mér finnst þetta hárrétt ákvörðun hjá til þess bærum yfirvöldum.

Magnús Ólafsson íbúi á Patreksfirði



Búðargili á hús og olli skemmdum á því. Flóðið rann meðfram snjóflóðavarnargarði á svæðinu sem byggður var árið 2009. Á vef Veðurstofu Íslands kemur fram að flóðið hafi verið tíu metra breitt.

Asahláka var um land allt í gær með mikilli rigningu og roki víðast hvar. Um fyrstu asahláku ársins er að ræða en mest var rokið á Norðvesturlandi, Vestfjörðum og Snæfellsnesi. snaeros@frettabladid.is

Ennþá öflugra D-vítamín

Munnúði - tryggir hámarksupptöku

- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og braðgott
- Tryggir hámarksnýtingu



3ja mánaða skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

PHILIPS

PÁSKATILBOÐ Á ÖLLUM PHILIPS SJÓNVÖRÐUM

NOKKUR VERÐDÆMI



Philips PUS7170
4K LED Android 5.0 snjallsjónvarp með Ultra HD 3840x2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD myndvinnslubúnaði. Micro Dimming Pro. 800Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 baklýsing. Multiroom TV. Wi-Fi Innbyggt þráðlaust net með Miracast. 2 stafrænar DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3xUSB og 4xHDMI tengi. MyRemote app. Easy 3D – 4 gleraugu fylgja.

49"

55"

TILBOÐ

159.995

VERÐ ÁÐUR 249.995

TILBOÐ

189.995

VERÐ ÁÐUR 299.995



Philips 48PUS7600
48" 4K LED Android 5.0 snjallsjónvarp með Ultra HD 3840x2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD myndvinnslubúnaði. Micro Dimming Pro. 1400Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 baklýsing. Multiroom TV. Wi-Fi Innbyggt þráðlaust net með Miracast. 2 stafrænar DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3xUSB og 4xHDMI tengi. MyRemote app. 3D Max – 2 gleraugu fylgja.

TILBOÐ

229.995

VERÐ ÁÐUR 299.995



Philips 32PFT4100
32" FullHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Digital Crystal Clear. 100Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 2xHDMI og USB tengi með upptökumöguleika. Heyrnartólstengi og CI kortarauf. EasyLink.

TILBOÐ

54.995

VERÐ ÁÐUR 64.995

**TILBOÐIN GILDA TIL PÁSKA
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR




Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT


Hvaða ráðherra berðu mest traust til?

40%



» Flestir þeirra sem afstöðu taka, eða 40 prósent, bera traust til Bjarna Benediktssonar.

» Hér eru svörin skipt eftir kyni og 50 ára og eldri og 49 ára og yngri.



Bjarni Benediktsson nýtur mests trausts

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, nýtur mests trausts allra ráðherra í ríkisstjórninni. Margir nefndu Ólöfu Nordal og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Mesta athygli vekur þó að einungis þriðjungur aðspurðra nefnir einn ráðherra umfram annan.

STJÓRN MÁL „Bjarni er náttúrulega formaður stærri flokksins í stjórnarsamstarfinu, þannig að það þarf kannski ekkert að koma á óvart að hann skori hærra en aðrir,“ segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, um nýja könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Nýja könnunin sýnir að flestir þeirra sem afstöðu taka segjast bera mest traust til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra.

Tæplega helmingi fleiri bera traust til hans en til Ólafar Nordal innanríkisráðherra. Þriðji í röðinni

er svo Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

Það sem vekur þó kannski helst eftirtekt er hversu fáir svarendur, eða einungis þriðjungur, eru reiðubúnir til þess að nefna þann ráðherra sem viðkomandi ber mest traust til. Hins vegar segjast 48 prósent vera óákveðnir í afstöðu sinni og nítján prósent neita að svara. 13 prósent treysta Bjarna best, sjö prósent treysta Ólöfu Nordal best og sex prósent treysta Sigmundi Davíð best.

Þegar skoðuð eru svör þeirra sem afstöðu taka segjast 40 prósent treysta Bjarna Benediktssyni best, 21 prósent segist treysta Ólöfu Nordal best og

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er náttúrulega bara umdeildari maður og þó við horfum ekki lengra en viku eða hálfan mánuð aftur í tímann, þá er hann búinn að vera í frekar umdeildum málum.

Grétar Þór Eyþórsson



17 prósent segjast treysta Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni best.

Grétar Þór segir að munurinn á Bjarna og Sigmundi Davíð í svona traustskönnun þurfi ekki að koma á óvart

„Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er náttúrulega bara umdeildari maður og þó við horfum ekki lengra en viku eða hálfan mánuð aftur í tímann, þá er hann búinn að vera í frekar umdeildum málum,“ segir Grétar Þór og nefnir þar borgarmál og málefni sem snerta staðsetningu Landspítalans. „Það kann að hafa áhrif á viðhorf fólks til hans og það kannski skýrir þann mikla mun sem er á milli þeirra.“

Grétar Þór bendir líka á að flokkarnir tveir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, séu á gerólíkum stað í fylgiskönnunum.

Hringt var í 1.082 þar til náðist í 794 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 8. og 9. mars. Svarhlutfallið var 73,4 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða ráðherra berðu mest traust til?

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 verður svo fjallað um hvaða ráðherra nýtur minnst trausts. Fleiri svarendur tóku afstöðu til þeirrar spurningar.

jonhakon@frettabladid.is



Aðalfundur landssamtakanna Spítalinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 15. mars 2016 kl. 16.00 á Icelandair Hótel Natura Víkingasal.

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar og tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi hefst málþing Spítalans okkar um uppbyggingu Landspítala.

Meðal fyrirlesara verður Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands.
Stjórnin.

Árásarmaðurinn óhæfur til yfirheyrslu

LÖGREGLUMÁL Maður sem hóf skothríð á heimili nágrannakonun sinnar á Akureyri í fyrrinótt var með leyfi fyrir skotvopninu sem hann notaði.


Skotmaðurinn var yfirbugaður þegar sersveit Ríkislögreglustjóra kom frá Reykjavík.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var nágrannakonnan í forstofunni með dóttur sinni skömmu áður en skothríðin hófst.

„Málið kom upp um hálf tvö. Þá um leið fór sersveitarmaður frá Ríkislögreglustjóra á staðinn því þeir eru nokkrir staðsettir á Akureyri. Síðan lenti þyrla með aukamannskap frá sersveit Ríkislögreglustjóra um fimm,“ segir Kristján Kristjánsson, yfirlögregluþjónn á Akureyri.

Kristján segir að maðurinn hafi í kjölfarið fljótlega gengið út úr íbúð sinni skotvopnalaus og gefið sig fram.

Maðurinn stríðir við geðrænan vanda að sögn lögreglu sem kveðst ekki hafa vísbendingar um að árásin hafi beinst að einhverjum sérstökum.



Skotið var í gegnum rúðu í forstofu íbúðarinnar. Konan sem þar á heima var þar stuttu áður með tveggja ára dóttur sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

„Það er enn verið að finna úrræði fyrir manninn í gegnum heilbrigðiskerfið. Vegna veikinda hans hefur lögregla ekki getað yfirheyrð hann í dag,“ segir Kristján. – snæ

» Maður sem yfirbugaður var eftir skothríð á Akureyri í gær stríðir við geðrænan vandamál segir lögreglan.

Áfangastaður: Hvert sem er.



Nýr Passat Alltrack með 4MOTION

Veðrið og færðin eru aukaatriði þegar Passat Alltrack er annars vegar. Láttu ekki skort á hugmyndaflugi stoppa þig í að velja áfangastaðinn. Farðu hvert sem þig langar og njóttu ferðarinnar í fullbúnum Passat Alltrack.

Staðalbúnaður í sjálfskiptum, fjórhjóladrifnum 2.0 TDI Passat Alltrack

- Hiti í framsætum og aftursætum
- Hitað leðurklætt aðgerðastýri
- Bluetooth búnaður fyrir síma og tónlist
- Margmiðlunartæki með 6,5" litaskjá
- Mirror Link, Apple Car Play og Android Auto
- Upplýsingatölva í mælaborði með litaskjá
- LED lýsing í innanrými
- 12V og 230V tengi í farþegarými
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bakkmyndavél
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Varadekk á álfelgu
- Loftþrýsingsmælir fyrir hjólbarða
- Start/stopp búnaður
- LED aðal- og dagljós
- Þokuljós með beygjustýringu
- Litað hitaeinangrandi gler í afturrúðum
- Rafmagnsopnun á afturhlera



Volkswagen



Hóta að stefna Þýskalandi

SVÍÞJÓÐ Morgan Johansson, dómsmálaráðherra Svíþjóðar, segir Svíþjóð og fleiri lönd kunna að stefna þýskum stjórnvöldum fyrir Evrópu-dómstólinn vegna ákvörðunar um að taka ekki á móti flóttamönnum sem sendir eru til baka á grunni Dyflinnar-reglugerðarinnar.

Í Þýskalandi þurfa hælisleitendur fyrst að skrá sig og síðan sækja formlega um hæli. Þýskaland mun nú aðeins taka við þeim sem farið hafa í gegnum allt ferlið áður en þeir héldu til annars lands. Þjóðverjar

neita nú að taka við 700 flóttamönnum sem eru í Svíþjóð en voru áður í Þýskalandi.

Johansson kvaðst hafa skilning á vanda þjóðverja en um 100 þúsund hælisleitendur komu þangað í janúar. Þeir megi samt ekki brjóta gegn Dyflinnar-reglugerðinni. – **ibs**

neita nú að taka við 700 flóttamönnum sem eru í Svíþjóð.

Mikið mannfall í Ankara



Særður maður á götu í Ankara, höfuðborg Tyrklands, fær aðstoð eftir að bílsprengja sprakk og banaði minnst 27 manns og særði 75. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á árásinni. NORDICPHOTOS/AFP

UP! MEÐ ÖRYGGIÐ



VW Up! frá aðeins:
1.790.000 kr.



H HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Eiradag
KEMUR HEILSUNNI Í LAG
EIN TAFLA Á DAG : SYKURLAUSAR : ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fleiri barnaverndarmál vegna heimilisofbeldis

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði milli ára 2014 og 2015. Þó fjölga tilkynningum vegna ofbeldis. Sjaldnar er tilkynnt um unglingavandamál.


VELFERÐARMÁL Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um rúm fjögur prósent milli 2014 og 2015. Þær voru 8.519 á síðasta ári

Flestar tilkynningar koma vegna vanrækslu eða tæplega 38 prósent. Næst kemur vegna áhættu hegðunar eða tæplega 36 prósent og þriðji stærsti flokkurinn er vegna ofbeldis mála eða um fjórðungur.

Tilkynningum vegna ofbeldis fjölgaði um 9,5 prósent milli ára. Það er eini flokkurinn þar sem tilkynningum fjölga. Þar af hefur tilkynningum vegna heimilisofbeldis fjölgað mest, um tæp 26 prósent, farið úr 497 í 625 á ári.

Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafa- og fræðslusviðs Barnaverndarstofu, segir fylgst vel með þessari þróun. Eðlilegt sé að tilkynningum vegna heimilisofbeldis fjölgi vegna þess að viðbrögðum við heimilisofbeldi hafi verið breytt á höfuðborgarsvæðinu.

„Áður fór lögregla ein inn á heimilið en nú fara starfsmenn Félagsþjónustunnar og Barnaverndar með til að vinna með fjölskyldunni og sinna börnunum,“ segir Páll.



Tilkynntu ofbeldi er skipt í tilfinningalegt ofbeldi, þar með heimilisofbeldi, líkamlegt og kynferðislegt. Tilkynningum hefur fjölgað í öllum flokkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áður fór lögregla ein inn á heimilið en nú fara starfsmenn Félagsþjónustunnar og Barnaverndar með.

Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafa- og fræðslusviðs Barnaverndarstofu



Tilkynningum vegna vanrækslu fækkar, sérstaklega tilkynningum vegna áhættu hegðunar barna. Undir hana fellur neysla barns á vímuefnum, ef barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu, afbrot barns, ef barn beitir ofbeldi og erfiðleikar barns í skóla.

„Þetta eru tilkynningar sem snúa að unglingum og það að þeim fækki er þróun sem hefur verið í gangi undanfarin ár,“ segir Páll Ólafsson.

erlabjorg@frettabladid.is

Landsaðgangur | **hvar.is**
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

Ársfundur Landsaðgangs
að rafrænum áskriftum

verður haldinn föstudaginn 18. mars kl. 15.00

Fundurinn verður í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í Þjóðarborgliðu við Arngrímstötu í Reykjavík

Nánari upplýsingar á hvar.is

Hagspá Greiningardeildar Arion banka

Við kynnum nýja hagspá greiningardeildar á morgunfundi í Arion banka, Borgartúni 19, þriðjudaginn 15. mars.

Dagskrá

8.15 Morgunkaffi
8.30 Fundur settur

Efnahagshorfur 2016-2018 : Í 40.000 fetum
Anna H. Ingimundardóttir, sérfræðingur í greiningardeild

Krónan sjósett á ný: Verður hún sjóveik?
Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur í greiningardeild

Flæði á fjármálamörkuðum 2016
Hrafn Steinarsson, sérfræðingur í greiningardeild

9.30 Fundarlok

Skráning á arionbanki.is

Allir velkomnir.

 **Arion banki**
- fyrir framtíðina

Trump segir Sanders bera ábyrgð á ofbeldi á framboðsfundum

BANDARÍKIN Donald Trump, frambjóðandi í forvali Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum, segir að óeirðirnar sem brutust út á framboðsfundi hans í Chicago síðastliðið föstudagskvöld og á laugardaginn séu Bernie Sanders, frambjóðandi í forvali demókrata, að kenna.

„Þarna voru atvinnuótmælendur í þúsundatali frá Sanders og einnig í minna mæli frá Hillary,“ sagði Trump í þættinum State of the Union á CNN.

Sanders hafnaði ásökunum Trumps á sama vettvangi. Hann sagðist vona að stuðningsmenn sínir væru ekki

„Þarna voru atvinnuótmælendur í þúsundatali frá Sanders og einnig í minna mæli frá Hillary.“

Donald Trump



að trufla framboðsfundi en sagði að Trump ætti að líta sér nær þegar kæmi að óeirðunum.

„Hann [Trump] er maður sem yjar að ofbeldi, en þá færðu einmitt það sem þú kallar eftir,“ sagði Sanders.

Sanders fullyrðir að fyrirmæli um að trufla framboðsfundi Trumps hafi ekki komið úr herbúðum sínum en hins vegar hefur sjálfstæður hópur stuðningsmanna Sanders lýst yfir ábyrgð á því að hafa truflað framboðsfund Trumps á föstudaginn.

Fjöldi mótmælenda hefur mætt á framboðsfundi Trumps undanfarna mánuði en nú virðist byrjað að sjóða upp úr. Trump þurfti að hætta við framboðsfund sinn á föstudaginn. – srs



Mótmælendi er fjarlægður af öryggisvörðum eftir að hann hljóp upp á svið á framboðsfundi Donalds Trump. NORDICPHOTOS/AFP

ÍSLANDSSTOFA



Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Hönnun og verðmætaaukning matvæla

Fundur fimmtudaginn 17. mars
kl. 9 - 10.30 á Bryggjunni brugghúsi,
Grandagarði 8



Íslandsstofa og Hönnunarmiðstöð Íslands boða til fundar um hönnun og vörumerkjaupbyggingu (branding) til að auka verðmæti íslenskra matvæla í sölu á erlendum mörkuðum og til erlendra ferðamanna á Íslandi.

- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands fjallar um gildi hönnunar
- Brynhildur Pálsdóttir og Kristín María Sigþórsdóttir, hönnuðir flytja erindi um stefnur og strauma í matar- og upplifunarahönnun
- Jakob S. Bjarnason, framkvæmdastjóri Foss Distillery segir frá því hvernig fyrirtækið hefur mótað sér sýn og unnið með hönnun í starfi sínu

Á fundinum verða einnig kynntar vinnustofur fyrir matvælafyrirtæki um sama málefni, sem Íslandsstofa mun halda í apríl og maí.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Íslandsstofu, www.islandsstofa.is eða í síma 511 4000.

Þýskir þjóðernissinnar eflast á fylkispingunum

Niðurstaða fylkiskosninga í Þýskalandi þykir áfall fyrir Merkel og áfellsdómur yfir frjálslýndri innflytjendastefnu hennar. AfD-flokkurinn á nú fulltrúa á átta af sextán fylkispingum Þýskalands. Berjast fyrir strangari innflytjendalöggjöf.

ÞÝSKALAND Þjóðernisflokkurinn AfD (Alternative für Deutschland) vann nokkurn sigur í fylkiskosningum í Þýskalandi í gær.

Kosið var í þremur fylkjum, Saxlandi-Anhalt, Rínarlandi-Pfalz og Baden-Württemberg.

AfD-flokkurinn átti áður enga fulltrúa á fylkispingunum en náði engu að síður góðum árangri. Flokkurinn á þó þegar fulltrúa á fimm öðrum fylkispingum. Þrátt fyrir sókn þjóðernissinna stefnir í að stjórnið allra fylkjanna haldi velli.


Árangur AfD þykir vera mikið áfall fyrir stjórn Angelu Merkel Þýskalandskanslara en AfD hefur mótmælt frjálslýndri innflytjendastefnu hennar og vill koma á harðari innflytjendalöggjöf.

Stefna og ummæli leiðtoga AfD hafa vakið mikla reiði á meðal fjölda þjóðverja. Frauke Petry, einn leiðtogi flokksins, lét þau ummæli falla í kosningabaráttunni að landamæralögreglu í Þýskalandi ætti að vera heimilt að skjóta flóttamenn sem koma ólöglega til Þýskalands.

Stuðningur við AfD er túlkaður sem höfnun á stefnu Merkel en til að mynda tapaði flokkur hennar, Kristilegir demókratar, fylgi í öllum kosningunum. Fylgistaðið var mest í Baden-Württemberg þar sem flokkur Merkel tapaði um 12 prósentum samkvæmt útgönguspám. Flokkurinn hefur aldrei verið jafn lítill í fylkinu með 27 prósent atkvæða. Kristilegir demókratar eru þó enn sem áður stærsti flokkurinn í Saxlandi-Anhalt

Varakanslari Þýskalands, Sigmar Gabriel, sagði á laugardaginn að árangur AfD myndi ekki breyta

/// Fylgi AfD samkvæmt útgönguspám



stefnu ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálaum. Á sama tíma gengu um 2.000 þjóðernissinnar fylktu liði um stræti Berlínarborgar og hrópuðu: „Við erum fólkið, Merkel þarf að fara.“

stefanrafn@frettabladid.is

1,1
milljón manns sótti um hæli eða alþjóðlega vernd í Þýskalandi í fyrra.

Háskólaprófessor útnefndur Kona ársins

SAMFÉLAG Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, hlaut á laugardag viðurkenninguna Kona ársins hjá þingi Bandalags kvenna í Reykjavík.

Inga er stofnandi rannsóknarsetursins Rannsóknir og greining og hlaut fyrir stuttu 300 milljóna króna styrk frá ESB til að rannsaka hegðun og heilsu íslenskra barna.

Þá fékk Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg hvatningarverðlaun fyrir samstarfsverkefni vegna heimilisofbeldis. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veittu verðlaununum viðtöku.

Samstarfsverkefnið snýst meðal annars út á að fleiri en lögregla komi að hverju heimilisofbeldismáli, þar með talin félagsmálayfirvöld og barnaverndaryfirvöld.

Þetta var hundraðasta þing Bandalags kvenna í Reykjavík sem er regnhlífarbandalag kvenfélaga á höfuðborgarsvæðinu. – snæ



Ingbjörg Rafnar Pétursdóttir, formaður BKR, Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri, Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Lagersala

Ormsson og Samsungsetursins

20-70%

→ **Síðumúla 9**

Gengið inn úr porti



Opnunartími kl. 13-18 virka daga og laugardag kl. 12-16

ÞVOTTAVÉLAR - MYNDAVÉLAR - HLJÓMTÆKI - SJÓNVARPSVEGGFESTINGAR
POTTAR OG PÖNNUR - SPORTMYNDAVÉLAR - SPJALDTÖLVUR - HEYRNARTÓL - SJÓNAUKAR
SMÁTÆKI BÚSÁHÖLD - ÚTVÖRP - TÖLVUTÖSKUR - FLAKKARAR - BRENNSLUDISKAR
LJÓSMYNDAPAPPÍR - FARSÍMAHULSTUR - BLU-RAY HEIMABÍÓ - BLANDARAR - 3DS LEIKIR
STÝRIPINNAR - REIKNIVÉLAR - TÖLVUMÝS - LYKLABORÐ - BLUETOOTH HÁTALARAR
BASSABÍLKEILUR - SJÓNVÖRP - ÍSSKÁPAR - VEFMYNDAVÉLAR - SOUNDBAR - DJ STJÓRNBORÐ
MÍKRAFÓNAR - LEIKJASTÝRI - NETBÚNAÐUR OG SVO MIKLU MEIRA.

• ÞVOTTAVÉLAR FRÁ KR. 39.900,- • UPPÞVOTTAVÉLAR FRÁ KR. 39.900,-
• FRYSTISKÁPAR 185CM FRÁ KR. 69.900,- • NOKKRAR B ÞVOTTAVÉLAR FRÁ KR 40.000,-

SAMSUNG *Pioneer* **Tefal**

hama®  **brabantia**  **Verbatim**  **bodum**®

OLYMPUS® **veho**®  **OBH NORDICA**  **CELESTRON**®

Gerði góð kaup á góðri vöru

SAMSUNG
SETRIÐ

ORMSSON



Fækkunin er mest á Vestfirðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

Fólki fækkar á Vestfirðum

SAMFÉLAG Íslendingum fjölgaði um eitt prósent í fyrra eða um 3.429 manns og eru orðnir 332.529 talsins. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Fjölgunin er í takt við meðalfólksfjölgun í heiminum sem er 1,2 prósent samkvæmt Alþjóða-bankanum.

Fólksfjölgun var á öllum landsvæðum nema þremur. Mest fækkaði á Vestfirðum. Einnig fækkaði á Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Fjölgunin var hlutfallslega mest á Suðurnesjum en þar var 2,2 prósent fjölgun. – srs

Gera við tennur heimilislausra

DANMÖRK Sex tannlæknar í Viborg í Danmörku hafa stofnað félagið Samfélagslega meðvitaðir tannlæknar og býður félagið heimilislausum og öðrum sem þurfa endurgjaldslausa þjónustu. Koma tannlæknarnir til viðskiptavinanna með tannlæknastofu á hjólum.

Danska ríkisútvarpið hafði það eftir einum tannlæknanna að vonandi væri hægt að laga tennur sumra þannig að þeir treystu sér til að sækja um vinnu. Skemmdar tennur væru oft hindrun. – ibs

Einelti algengt meðal sjómanna

Af 132 sjómönnum sem tóku þátt í nýlegri rannsókn höfðu tæplega 40 prósent orðið fyrir eða upplifað einelti frá vinnufélögum um borð. Sama rannsókn í stóru verslunarfyrtækni sýndi tíu sinnum lægra hlutfall.

HEILBRIGÐISMÁL Einelti um borð í íslenskum fiskiskipum virðist miklu algengara en gengur og gerist hjá öðrum starfsstéttum. Ríflega þriðjungur sjómanna, eða 38,9%, sem tóku þátt í nýlegri rannsókn sögðust hafa orðið fyrir eða upplifað einelti eða áreitni um borð á síðastliðnum sex mánuðum áður en rannsóknin var gerð.

Þetta er meðal niðurstaðna Salóme Rutar Harðardóttur, íþróttá- og heilsufræðings, í meistara verkefni hennar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem fjallar um lífsánægju og starfsumhverfi sjómanna.

Salóme, sem starfar sem íþróttakennari og forvarnarfulltrúi Verkmennaskóla Austurlands, segir niðurstöðurnar gefa vísbendingar sem verði að taka alvarlega, en 132 sjómenn víða af landinu á aldrinum 21-70 ára tóku þátt í rannsókninni – þar af tvær konur. Þá kom einnig í ljós að lífsánægja og heilsa þeirra sjómanna sem höfðu upplifað eða orðið fyrir eineltinu var marktækt minni en þeirra sem höfðu það ekki.

Salóme setur þessar tölur í samhengi við aðrar rannsóknir um efnið – innlendar sem erlendar. Er þetta hlutfall með því hæsta sem hún hefur séð. Sé hlutfallið yfirfært á alla sjómenn á Íslandi, eða þá 4.100 sem störfuðu á sjó á árunum 2013 til 2014, má áætla að tæplega 1.600 þeirra hafi orðið fyrir eða upplifað einelti eða áreitni á vinnustað sínum.

Til samanburðar segir Salóme að nákvæmlega sömu spurningar voru lagðar fyrir starfsmenn stórs verslunarfyrtækis hér á landi, þar sem rúmlega 200 manns svöruðu, og þar voru tölurnar sláandi mikið lægri – eða 4,4% samanborið við 38,9% hjá sjómönnum.



Depurð, kviði og svefnleysi var staðfest í svörum sjómanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Einelti getur haft áhrif á öryggi á vinnustöðum og valdið samskiptaörðugleikum milli starfsmanna þegar hættuástand skapast.

Salóme Rut Harðardóttir, íþróttá- og heilsufræðingur

Salóme segir að niðurstöðurnar er varða einelti um borð í skipunum hafi komið henni á óvart, og eftir á að hyggja hefði hún viljað að rannsóknin tæki á þessum þætti með nákvæmari hætti. Hins vegar var nákvæmlega útlistað í rannsókninni til hvers væri verið að vísa til þegar spurt var um einelti. Þess vegna gefi niðurstöðurnar mikilvægar upplýsingar um þætti í starfsumhverfi sjómanna sem hafa neikvæð áhrif á andlega heilsu þeirra og líðan.

Stöðugt andlegt álag

- Einelti á vinnustað er skilgreint sem áreitni, móðgun, útilokun, særandi sérmeðferð eða neikvæð áhrif á vinnu annarra starfsmanna.
- Einelti er ferli sem stigmagnast og veldur mjög mikilli andlegri vanlíðan þolandans þar sem honum finnst hann ekki geta verið sig fyrir stanslausu neikvæðu athæfi. Þetta á sér þá stað oft og reglulega og yfir langt tímabil. Ekki er einelti ef jafnokar eigast við eða ef um einstakan atburð er að ræða.
- Rannsóknir sýna að margir sjómenn finna fyrir stöðugu andlegu álagi við vinnu sína; vegna veðurfars, hávaða, mikilla vinnukrafna, vaktavinnu og langrar fjarveru frá fjölskyldu og vinum sem getur reynt verulega á andlega heilsu þeirra.

Heimild: Salóme Rut Harðardóttir, Lífsánægja og starfsumhverfi sjómanna, Háskóli Íslands 2015

Salóme bendir á að það sé vitað mál að afleiðingar eineltis geti verið mjög alvarlegar. Það ætti að vera forgangsmál sjávarútvegsfyrtækja, eins og annarra fyrirtækja, að taka rétt á einelti og sporna gegn því.

„Einelti getur haft áhrif á öryggi á vinnustöðum og valdið samskiptaörðugleikum milli starfsmanna þegar hættuástand skapast, sem óvída eru verri fréttir en um borð í skipi,“ segir Salóme. svavar@frettabladid.is

DRESSMANN LÆKKAR VERÐ

Frá 1. mars 2016 höfum við stórlækkað verð á flestum okkar vörum vegna afnáms tolla og gengispróunnar

VERÐDÆMI:

boxer buxur kr. 1990,- áður 2490,- 20% lækkun

skjurtur kr. 6990,- áður 7990,- 12,5% lækkun

Gallabuxur kr. 9990,- áður 11990,- 16,7% lækkun

Dressmann®

SMÁRALIND 5659730 / KRINGLAN 5680800 / AKUREYRI 4627800 / SMÁRALIND XL 5650304

STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTIONS KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE

REYKJAVÍK

LONDON

NEW YORK

DUBAI

LAS VEGAS

STOMP

HARPA 11. & 12. JÚNÍ

„SANNKALLAÐIR
SVIÐSTÖFRAR!“

- THE SUNDAY TELEGRAPH

„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR,
FÁGÚN OG HNYTTNI!“

- THE INDEPENDENT ON SUNDAY

„UNDRAYERÐ ORKA
OG ÓTRÚLEGUR AGI!“

- THE EVENING STANDARD

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Floridana
LIFDU VEL!

MIDASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIDASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP

sená
LIVE!

Geirfuglasafn



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Náttúran og manneskjan. Órjúfanleg grunnstef íslenskra lista og menningar. Líf okkar á þessari einstöku eldfjallaeyju norður í Atlantshafi hefur löngum verið samofið náttúrunni, dyntum hennar, gæðum, grimmd og feegurð. Íslensk náttúra er órjúfanlegur hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og eitt af þessum fyrirbærum sem við hömpum á tyllidögum en virðumst gleyma þess á milli nema rétt til þess að hafa af henni gott.

Eftir efnahagshrunið þá er það ekki síst íslensk náttúra sem hefur gert íslensku samfélagi kleift að skreiðast á lappir. En þrátt fyrir það virðist okkur ganga illa að sjá og skilja mikilvægi hennar og sérstöðu. Að skilja að án hennar erum við tæpast þjóð á meðal þjóða því hún hefur skapað okkur og mótað í gegnum aldirnar. Hún er órjúfanlegur hluti af því hver við erum og getum orðið.

Þetta skeytingarleysi okkar gagnvart íslenski náttúru birtist ekki síst í stöðu íslensks náttúruminjasafns eða öllu heldur fjarveru þess. Árum saman hefur stada Náttúruminjasafns Íslands verið óásættanleg með öllu og í raun okkur öllum sem þjóð til háborinnar skammar. Náttúruminjasafn gæti í reynd verið okkur ómetanlegt við menntum og fræðslu um náttúruna sem er okkur svo mikilvæg og svo nær á tyllidögum. Slíkt safn gæti aukid við þekkingu okkar og skilning á náttúrunni, eðli hennar, eiginleikum og mikilvægi. Á náttúruminjasafni gætum við t.d. skoðað hverju var fórnad með Kárahnjúkavirkjun og öðrum stórframkvæmdum og þannig mætti áfram telja allt til geirfuglsins og flónskunnar sem þurrkaði hann út úr heiminum.

Eins og Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands, hefur bent á þá er safninu samkvæmt lögum ætlað að vera lykilstofnun á sviði miðlunar og fræðslu í náttúrufræðum með sömu stöðu og hin höfuðsöfnin, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Vandinn er hins vegar að húsnæðisvandi safnsins er slíkur að Náttúruminjasafni er í raun ómögulegt að sinna lögbundnu hlutverki sínu og ekkert þokast til úrbóta. Hugmyndir um náttúrusýningu Perluvina, einkahlutafélags áhugafólks um náttúrusýningu í Perlunni, breyta engu þar um. Að telja sér trú um slíkt er eins og að ráðgera að gott galleri geti leyst af höndum hlutverk Listasafns Íslands, með fullri virðingu fyrir öllum viðkomandi. Eðli, hlutverk og skyldur eru einfaldlega ekki með sama hætti.

Perlan er efallitíð ágætt húsnæði en allar viðræður við Náttúruminjasafn Íslands eru nú komnar í strand og málið enn og aftur komið á hinn óásættanlega byrjunarreit. Það kann að vera að borgaryfirvöld hafi meiri áhuga á að vinna að slíku verkefni með einkafélagi og taka meira mið af möguleikum í ferðamannaiðnaði í hinni almennu Benidorm-væðingu borgarinnar, samanber t.d. þróun mála í miðborginni, og þá verður svo að vera. En ábyrgðin liggur fyrst og fremst hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem fer með málefni safnsins. Náttúruminjasafn Íslands verður að vera safn allra landsmanna og því þurfa allir þættir safnsins að taka mið af því. Því er óskandi að ráðuneytið hefji þegar í stað kraftmikinn undirbúning að glæsilegu Náttúruminjasafni Íslands, náttúrunni sem og þjóðinni til heilla. Safni sem stendur ekki eins og gleymdur og útdauður geirfugl inni í læstum skáp.



Náttúruminjasafn Íslands verður að vera safn allra landsmanna og því þurfa allir þættir safnsins að taka mið af því.

Halldór



Frá degi til dags

Sambandslaus formaður
Orðið á götunni segir að nokkur kurr sé á meðal þingmanna Vinstri grænna þessa dagana eftir að Katrín Jakobsdóttir, formaður flokksins, ákvað að gefa ekki kost á sér í embætti forseta Íslands. Sagan segir að formaðurinn hafi legið undir feldi í nokkra daga án þess að gefa sínum nánustu samstarfsmönnum neitt upp um fyrirætlanir sínar. Tannhjólin munu hafa farið að snúast innan þingflokksins, bakherbergin reykyfyllt og hnifarnir brýndir þar sem félagar Katrínar töldu að hún væri í þann mund að yfirgefa flokksstólinn en fundir voru haldnir víða um bæ til að plotta arftaka hennar. Sumir þingmenn hafi því verið ansi hvumsa yfir því að Katrín skuli hvergi vera á förum.

Lukkuriddarar lýðræðisins
Piratar og Samfylkingin virðast þessa dagana vera í kapphlaupi um það hversu djúpt í ruslið þau geta troðið tillögum stjórnarskrárnefndar. Mikið er ágætt fyrir kjósendur þessa lands að lýðræðispostularnir í flokkunum tveimur spari þeim aksturinn á kjörstað næsta vetur en með afstöðu sinni eru flokkarnir að svipta kjósendur möguleikanum að tjá sína skoðun á málinu í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu. stefanraf@frettabladid.is

Bændur standa vaktina



Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson
formaður
Bændasamtaka
Íslands

Á Íslandi hefur þróast merkilega fjölbreytt atvinnulíf þar sem ólíkar atvinnugreinar styðja hver við aðra með viðskiptum sín á milli sem öll skipta miklu máli. Þar á meðal er íslenskur landbúnaður og afleidd starfsemi.

Bein verðmætasköpun íslensks landbúnaðar er árlega 54 milljarðar króna. Þá er einnig hagrænn ávinningur í formi gjalddeyrissparnaðar þar sem ekki þarf að flytja inn matvæli í eins miklum mæli, sem leiðir líka til umhverfislegs ávinnings því að útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga er minni en ella. Alls hafa um fjögur þúsund manns beina atvinnu af landbúnaði á Íslandi og aðrir fimm þúsund hafa atvinnu hjá stórum og smáum fyrirtækjum um allt land sem tengjast framleiðslu landbúnaðarins.

Bændur hafa reynst íslensku samfélagi vel og hefur verð á íslenskum matvælum haldist stöðugra og hækkað minna en þau innfluttu á undanförunum árum. Þá lögðu íslenskir bændur sitt af mörkum við að halda aftur af hækkuðum matvöruverðum eftir efnahagshrunið þegar allar innfluttar vörur ruku upp í verði.

Íslenskir bændur eru stoltir af framlagi sínu til íslensks atvinnulífs og samfélags. Alþýðusamband Íslands virðist þó helst vilja losna við það framlag því sambandið hefur skorað á Alþingi að fella nýgerða búvörusamninga og kallað eftir því að innflutningur á landbúnaðarafurðum verði stóraukinn. Þessi afstaða sambandsins er óskiljanleg. Í fyrsta lagi eru þúsundir félagsmanna Alþýðusambandsins í störfum sem eru beintengd íslenskum landbúnaði. Í öðru lagi þá liggur fyrir að styrking á gengi krónunnar hefur ekki skilað lægra verði á innfluttum mat- og drykkjarvörum, sem hefði fært félagsmönnum Alþýðusambandsins umtalsverða kaupmáttarstyrkingu. Þeirra eigið verðlagseftirlit hefur sýnt fram á hvernig verslunin skilar ekki ábata til neytenda hvort sem það er vegna lækkunar á opinberum álögum eða styrkingar gengis.

Það er ótrúlegt að Alþýðusambandið skuli velja að beina spjótum sínum að íslenskum landbúnaði. Nýr búvörusamningur felur í sér að verði á innlendri matvælaframleiðslu er haldið niðri. Hvernig halda menn að þróunin yrði ef hætt yrði að greiða niður verð á innlendri matvöru og neytendur þyrftu eingöngu að treysta á sanngjarna álagningu verslunarinnar?



Nýr búvörusamningur felur í sér að verði á innlendri matvælaframleiðslu er haldið niðri.

Bryan Ferry

16.05.16

Harpa, Eldborg

HARPA.IS BRYANFERRY.COM TIX.IS

Alþýðusambandið hundrað ára

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Það að vera kapítalisti á Íslandi er þægileg innvinna. Þetta er oft hálfgerð áskrift að skyldu-útgjöldum almennings, nokkurs konar tíund, sem tekin er af þeim fátæku og látin renna til þeirra ríku. Dagur kapítalistsans íslenska liður við ánægjulegar samverustundir með svonefndum samkeppnisaðilum, þar sem af eindrægni og samhug eru lögð á ráðin um komandi hækkanir, milli þess sem samdar eru nýjar kennitölur og hugsuð upp ný og fyndin nöfn á eignarhaldsfélög.

Æfing í ósvífni

Tilraunir hluthafa til að komast yfir bótasjóði tryggingarfélaganna nú á dögnum, í kjölfar hækkananna vegna „bágrar stöðu félaganna“, voru nokkurs konar æfing í ósvífni, tilraun um það hversu langt má ganga án þess að ofbjóða seintþreyttum íslenskum neytendum.

Tilraunin leiddi í ljós að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að bjóða almenningi upp á fráleita eignaupptöku. Hún varð líka til þess að rífa upp fyrir okkur hversu gallað fyrirkomulag er á starfsemi tryggingarféлага hér á landi, og hversu brýnt er að koma á fót félagslegum rekstri kringum þessi nauðsynlegu útgjöld, þar sem önnur sjónarmið ríktu en þau að skapa hluthöfum sem mestan arð. Þetta minnti okkur á það hversu langt hefur verið gengið hér á landi í þá átt að eftirláta markaðsöflunum alls konar rekstur þar sem samfélagsleg vitund þyrfti að ríkja – og síðferðissjónarmiðum ætti að gera hátt undir höfði. Í rauninni er ámóta viskulegt að reka tryggingarfélög með gróðarsjónarmið eigenda að leiðarljósi og að afhenda einkaaðilum ríkissjóð.

Þær eru eflaust ýmsar skýringarnar á því hversu náðuga daga íslenskir kapítalistar eiga. Ein þeirra kann að vera sú að samtök launafólks náðu hér ekki jafn miklum pólitískum styrk og í nágrannalöndum okkar, þar sem meira ber á samfélagslegri meðvitund fólks, sem lýsir sér til dæmis í því að ekki er fyrst og fremst lítið á leigjendur húsnæðis sem bráð, eins og alsíða er hér á landi.

„Upp með dalina...“

Það segir sína sögu að nú þegar Alþýðusambandið og Alþýðuflokkurinn eiga hundrað ára afmæli skuli hinn pólitíski flokkur launafólks ekki vera lengur starfandi, nema að nafninu til. Og staðan orðin þannig á þeim flokki sem átti að sameina jafnaðarmenn hér á landi, Samfylkingunni, að hann verður æ meira Sérfylkingin; íslenskir kjósendur búnir að breyta henni í gamla Alþýðuflokkinn en allt jafnaðarmannafylgi komið á flokk sem fyrst og fremst snýst um andúð á hvers kyns valdi og forsjá; og er þar togast á um hvort sé hægri anarkistaflokkur, að hætti Friedmanfeðga, eða vinstri anarkistaflokkur í anda Bakúnins.

Upp til hópa segjast Íslendingar vera jafnaðarmenn en sárafaír telja sig krata. Þarna er gerður einhver greinarmunur sem erfitt er að henda reiður á; „krati“ er raunar ekki annað en stytting á „sósíaldemókrata“, alþjóðlegu orði þessarar hreyfingar, og vísar í lýðræðishugsjónina, sem aðskildi einmitt jafnaðarmenn frá kommúnistum, sem aðhyllast alræði. En það er eins og orðið þýði eitthvað allt annað í huga margra; kannski vegna þess spillingarorðs sem lá á Alþýðuflokknum þegar hann var með Sjálfstæðisflokknum í Viðreisnarstjórninni. Næstum eins og orðið „krati“ merki



„veifiskati“ eða eitthvað þess háttar.

Jón Trausti lét persónu í sögu eftir sig lýsa jafnaðarstefnunni með orðunum „Upp með dalina! Niður með fjöllin!“ sem kann að lýsa nokkuð vel þeim þankagangi að jöfnuður jafngildi allsherjar flatneskju. Þó er það svo að fátt þykir fyndnara hér á landi en hofmóður í krafti auðs og valda, og eru enn sagðar gamansögur af útrásarvikingunum þegar þeir fóru að reyna að halda sig sem enska lorda í marga ættliði. Íslensk jafnaðarstefna er um leið mikil einstaklingshyggja, þar sem lögð er áhersla á athafnarými hvers og eins, hvort sem viðkomandi vill fá að stofna fyrirtæki, reisa hús sem öllum finnst ljótt eða gefa út lélega plötu. Hér er rík tilfinning fyrir því að sérhver manneskja skapi sig sjálf og megi gera ýmsar misvel útfærðar tilraunir á þeirri vegferð.

Við lítum almennt á okkur sem fjöll fremur en dali. Það er ágætt. En við þurfum samt hvert á öðru að halda. Alþýðusambandið er vitnisburður um það hverju samtök launafólks fá áorkað, þegar samtakamættinum er beitt – þau margvíslegu réttindi sem við höfum fengið, þrátt fyrir allt. Fyrir öllum þessum réttindum hefur þurft að berjast og jafnvel berjast lengi – allt frá Vöku-lögunum á sinni tíð. Verkefni dagsins snúast ekki sist um að koma böndum á starfsemi yfirþjóðlegra fyrirtækja sem stunda starfsmannaleigu og búa fólki sínu stundum þannig aðstæður, að ekki verður kallað annað en þrælshald. Við vitum að hægri flokkarnir telja alla laga-setningu um slík mál vera „þyngjandi“ en óneitanlega myndi maður vilja óska þess að hinn pólitíski armur alþýðusambtakanna væri öflugri.



Tilraunir hluthafa til að komast yfir bótasjóði tryggingarfélaganna nú á dögnum, í kjölfar hækkananna vegna „bágrar stöðu félaganna“, voru nokkurs konar æfing í ósvífni.

Fermingarþakkar

sem **slá í gegn**



Hagkvæm fartölva
Dell Inspiron 3551
Verð: 69.990 kr.



Sveigjanleg far- og spjaldtölva
Dell Inspiron 7359 - i5 Skylake
Verð: 189.990 kr.



Létt og falleg fartölva
Dell Inspiron 5559 - Touch i5 Skylake
Verð: 149.990 kr.



Fáðu útrás fyrir litagleðina
Urbanears Plattan - ýmsir litir
Verð: 9.590 kr.



Léttur og flottur
Canvas leður bakpokí
Verð: 12.990 kr.



Frábær hljómur
Jabra Move þráðlaus
Verð: 18.990 kr.

advania.is/fermingar

Guðrúnartúni 10, Reykjavík og Tryggvabraut 10, Akureyri
Opíð mánudaga til föstudaga frá 8 til 17



advania

Welcome to IT

Gylfi Þór Sigurðsson er algjörlega óstöðvandi á EM-árinu mikilvæga



Enn einu markinu fagnað Gylfi Þór Sigurðsson fagnar hér marki sínu gegn Bournemouth um helgina. Það var sjöunda mark Gylfa Þórs á árinu en hann er næstmarkahæstur á Englandi á árinu. Aðeins Sergio Aguero hefur skorað fleiri mörk í ár. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Aston Villa	0–2	Tottenham
Bournemouth	3–2	Swansea
Stoke	1–2	Southampton
Norwich	0–0	Man. City

Efst	Neðst
Leicester 60	Swansea 33
Tottenham 58	Sunderland 25
Arsenal 52	Norwich 25
Man. City 51	Newcastle 24
West Ham 49	Aston Villa 16

Enska bikarkeppnin

Man. Utd - West Ham 1-1
0-1 Dimitri Payet (68.), 1-1 Anthony Martial (83.).

Arsenal - Watford 1-2
0-1 Odion Ighalo (50.), 0-2 Adlène Guedioura (63.), 1-2 Danny Welbeck (88.).

Everton - Chelsea 2-0
1-0 Romelu Lukaku (77.), 2-0 Romelu Lukaku (82.).

Stærstu úrslitin Það kom flestum í opna skjöldu að Watford skyldi skella Arsenal í bikarum og það á útivelli. Arsenal mun því ekki verja bikarinn í ár og pressa á Arsene Wenger, stjóra Arsenal, minnkaði lítið við þessi úrslit.

